

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudalur

Reykjavík, 7.12.2023
UST202301-422/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5. október 2023 – Arnarlax, Patreks- & Tálknafjörður

Þann 5. október sl. fór fram eftirlit hjá Arnarlaxi, Patreks- og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar þegar bilanir eða óhöpp verða sem valdið gætu mengun.
2. Í gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfisstofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfisstofnunar.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.2. í starfsleyfi. Ársyfirliti skal skila fyrir fyrsta 1. maí ár hvert. Ársyfirliti hefur ekki verið skilað og er frávikið því opið.
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi með fullnægjandi undirritun var ekki skilað fyrir 1. maí sl. Grænu bókhaldi var skilað 10. nóvember sl. og er frávíkinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. desember n.k.

Virðingarfyllst

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri

G. Stella Árnadóttir
sérfræðingur